

Dalvíkurbyggð

Mótt.: 31.01.2020

Málsnr.: 201905162

Lykill: 09-21

Byggingarfulltrúi Dalvíkurbyggðar

Börkur Ottósson

Dalvík

28.01.2020

**Vegna fyrirhugaðra skipulagsbreytinga í
Túnahverfi á Dalvík.**

Undirritaðir íbúar í Miðtúni 3, vilja koma á framfæri mikilli óánægju og andmælum vegna fyrirhugaðra skipulagsbreytinga á byggingarreitum Hringtúns 17 og 19.

Við teljum okkur eiga mikilla hagsmuna að gæta þegar kemur að þessum byggingarreitum, þar sem um er að ræða mikla stækkun á byggingarreit innan lóðanna sem gæti

haft bæði ófyrirséð og fyrirséð áhrif:

- a. Skuggavarp yrði meira.
- b. Notagildi lóðarinnar myndi rýrna.
- c. Innsýn yrði mikið.
- d. Útsýni minnkar.
- e. Fasteignamat eignarinnar gæti lækkað.

Þegar við festum kaup á Miðtúni 3 vissum við að fyrir ofan okkur væru byggingarreitir fyrir einbýlishús. Þegar nýtt deiliskipulag er samþykkt 2018 var staðfest að svo væri.

Ári síðar er svo farið að hrófla við nýsamþykktu skipulagi í óþökk við flesta íbúa í kring.

Við erum mjög vonsvikin með að nýsamþykktu deiliskipulagi skyldi vera breytt

Höfum við, ásamt nágrönnum okkar margoft komið á framfæri óánægju okkar og viljum við undirstrika það með þessu bréfi.

Virðingarfyllst, íbúar

Miðtúni 3, 620 Dalvík

Ólafur Jónsson

Ólafur Jónsson

Anna Benidiktisdóttir

Anna Benidiktisdóttir